



## Fundargerð

291. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar  
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11  
14. nóvember 2024, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

\* \* \*

### 1. Fjárhagsáætlun 2025 (2024080300)

Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir drög að fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2025 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir þær fjárfestingar sem fara þarf í á komandi árum.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2025 ásamt áætlun vegna árána 2026-2028.*

### 2. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Farið yfir stöðuna á framkvæmdum við Njarðvíkurhöfn.

### 3. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðuna varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á suðurbakka Helguvíkurhafnar.

### 4. Helguvíkurhöfn - Olúbryggja (2024110115)

Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir drög að samningi við Olíudreifingu hf. varðandi fyrirkomulag gjaldtöku á hafnargjöldum skipa á þeirra vegum sem leggja að olúbryggjunni í Helguvíkurhöfn.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarviðs að undirrita þau.*

### 5. Hafnasamband Íslands (2024020132)

Fundargerð 466. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 23. október sl. lögð fram.

### 6. Hafnasambandsþing 2024 (2024020130)

Farið yfir þau erindi og samþykktir sem fjallað var um á þingi Hafnasambands Íslands á Akureyri dagana 24. og 25. október sl.

*Atvinnu- og hafnarráð lýsir yfir ánægju sinni með að boð Reykjaneshafnar í samstarfi við aðrar hafnir á Suðurnesjum um að halda Hafnasambandsþing 2026 hafi verið samþykkt á þinginu.*

## 7. Samráðsnefnd um þróun hafnarsvæða (2024010265)

Fundargerð 16. fundar samráðsnefndar um þróun hafnarsvæða frá 21. október sl. lögð fram, en á þeim fundi var sérstaklega farið yfir vegtengingar athafnasvæðisins upp af Njarðvíkurhöfn við Reykjaneshöfn.

*Atvinnu- og hafnarráð ítrekar að vegtenging milli athafnasvæða Reykjanesbæjar, eins og við Njarðvíkurhöfn, og Reykjanesbrautar þurfa að vera með þeim hætti að flæði umferðar þar á milli sé sem auðveldast.*

## 8. Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa (2023110128)

Lögð fram drög að áætlun Reykjaneshafnar um móttöku úrgangs og farmleifa, en viðkomandi áætlun var unnin í samstarfi við sjálfbærni ráð Reykjanesbæjar.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög og þakkar jafnframt sjálfbærni ráði Reykjanesbæjar fyrir aðkomu að vinnslu áætlunarinnar.*

## 9. Fitjabakki 8 (2024030045)

Á fundinn mættu Ásgeir Margeirsson frá Í toppformi ehf., Elías Kristjánsson lögmaður Reykjaneshafnar og Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar.

Bréf Í toppformi ehf. dags. 11. nóvember 2024 varðandi jarðhitaleit í tengslum við uppbyggingu hótels og baðlóns að Fitjum. Ásgeir Margeirsson fór yfir erindi bréfsins.

*Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að vinna málið áfram á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum.*

## 10. HB 64 - grænn vistiðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu HB 64 – grænn vistiðngarður.

## 11. Samþykkt Reykjanesbæjar um götu- og torgsölu – drög til umsagnar (2024090334)

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn um drög að samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjanesbæ.

*Atvinnu- og hafnarráð tekur undir þau skilyrði og það ferli sem fram kemur í drögum að ofangreindri samþykkt. Þar kemur fram að tilgangurinn er að auka fjölbreytni og bæjarbrag, tryggja öryggi og skipulag og vernda umhverfið. Atvinnu- og hafnarráð gerir ekki athugasemdir við viðkomandi drög.*

## 12. Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjanesbæjar – drög til umsagnar (2019090067)

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn um drög að samþykkt um skilti í lögsögum Reykjanesbæjar.

*Atvinnu- og hafnarráð tekur undir þau markmið sem fram koma í viðkomandi drögum. Lykiliatriði er að skilti hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið eða truflandi áhrif. Lagðar voru fram athugasemdir á fundinum og er Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra Atvinnu- og hafnarsviðs falið að koma þeim á framfæri.*

## 13. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2024010270)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

#### 14. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2024010271)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.